

Borgarráð

Aðgerðir til úrbóta í barnaverndarstarfi og annari þjónustu sem að snýr að starfsemi fyrir börn og unglinga

Lagt er til að meðfylgjandi tillögur velferðarráðs um aðgerðir til úrbóta í barnaverndarstarfi og annari þjónustu sem að snýr að starfsemi fyrir börn og unglinga verði samþykktar. Viðauki með meðfylgjandi tillögum mun verða lagður fyrir á næsta fundi borgarráðs.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillögur að úrbótum í barnaverndarstarfi og annari þjónustu er snýr að starfsemi fyrir börn og unglinga, dags. 15. mars 2018.

Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 15. mars 2018.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Málsnr: 218010388
Skjalasafn Ráðhúss
19. mars 2018
Bréfalykill: 2140

Reykjavík, 19. mars 2018
VEL2018020008
5.7

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík


Aðgerðir til úrbóta í barnaverndarstarfi og annarri þjónustu er snýr að starfsemi fyrir börn og unglinga.

Á fundi velferðarráðs þann 15. mars 2018, var samþykkt að taka umræðu um skýrslu innri endurskoðunar, dags. 14. mars 2018, um verkferla Barnaverndar Reykjavíkur á dagskrá, ásamt minnisblaði sviðsstjóra um aðgerðir til úrbóta dags. 15. mars 2018. Lögð var fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 15. mars 2018:

Velferðarráð samþykkir að óska eftir fjárheimild að fjárhæð 39,3 mkr. við borgarráð til að styrkja barnaverndarstarf og umgjörð starfsmannamála á velferðarsviði með eftirfarandi aðgerðum: 1. Ráðningarferli styrkt með öflun sakavottorða bæði við upphaf ráðningar og reglulega á meðan ráðningartíma stendur. Kostnaður innifalinn í síðustu tillögu að neðan. 2. Almennungi auðveldað að tilkynna um aðstæður barna og athugaverða háttsemi með rafrænum ábendingahnappi á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Kostnaður 4,2 mkr. 3. Aukið öryggi barna sem dvelja í sólarhringsúræðum Barnaverndar Reykjavíkur, Mánabergi og Hraunbergi, með eflingu næturvakta. Kostnaður 18,1 mkr. 4. Sérhæfð fræðsla til stjórnenda og starfsmanna um kynferðisbrot gegn börnum. Kostnaður 1 mkr. 5. Skimun fyrir ofbeldi verður hluti af verklagi. Kostnaður 1 mkr. 6. Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur aukinn með eflingu mannauðsþjónustu velferðarsviðs. Kostnaður 15 mkr.

Greinargerð fylgir tillögu.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst,


Dís Sigurgeirsdóttir,
skrifstofustjóri



Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. mars 2018

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillögur að úrbótum í barnaverndarstarfi og annarri þjónustu er snýr að starfsemi fyrir börn og unglinga.

Velferðarráð samþykkir að óska eftir fjárheimild að fjárhæð 39,3 mkr. við borgarráð til að styrkja barnaverndarstarf og umgjörð starfsmannamála á velferðarsviði með eftirfarandi aðgerðum:

- Ráðningarferli styrkt með öflun sakavottorða bæði við upphaf ráðningar og reglulega á meðan ráðningartíma stendur. Kostnaður innifalinn í síðustu tillögu að neðan.
- Almenningsauðveldað að tilkynna um aðstæður barna og athugaverða háttsemi með rafrænum ábendingahnappi á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Kostnaður 4,2 mkr.
- Aukið öryggi barna sem dvelja í sólarhringsúrræðum Barnaverndar Reykjavíkur, Mánabergi og Hraunbergi, með eflingu næturvakta. Kostnaður 18,1 mkr.
- Sérhæfð fræðsla til stjórnenda og starfsmanna um kynferðisbrot gegn börnum. Kostnaður 1 mkr.
- Skimun fyrir ofbeldi verður hluti af verklagi. Kostnaður 1 mkr.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur aukinn með eflingu mannauðsþjónustu velferðarsviðs. Kostnaður 15 mkr.

Greinargerð:

Í kjölfar máls er varðar starfsmann á vistheimilinu að Hraunbergi í Breiðholti, sem er í gæsluvarðhaldi grunaður um kynferðisbrot gegn börnum, hefur verið sett af stað viðamikil vinna á vegum velferðarsviðs sem miðar að því að styrkja barnaverndarstarf og auka öryggi barna og unglinga sem dvelja á stofnunum á vegum sviðsins. Sviðsstjóri velferðarsviðs óskaði eftir því að Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar gerði úttekt í tengslum við tilkynningar sem áttu að hafa borist Barnavernd Reykjavíkur árin 2002 og 2008 um ætluð kynferðisbrot starfsmannsins. Enn fremur var óskað eftir aðkomu Innri endurskoðunar að áhættugreiningu vegna sólarhringsstarfsemi fyrir börn á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Innri endurskoðun skilaði skýrslu til sviðsstjóra 14. mars sl. þar sem ýmsar ábendingar til úrbóta eru settar fram. Þær ábendingar eru í samræmi við áherslur velferðarsviðs í þeim málaflokkum sem úttektin tekur til.

Kostnaður vegna ofangreindra tillagna er metinn á 39,3 mkr. fyrir árið 2018.

Auk ofangreindra aðgerða eru í aðgerðaáætlun lagðar til fjórar aðgerðir til úrbóta en allar rúmast þær innan fjárheimilda sviðsins og/eða Innri endurskoðunar:

- Úttekt á skipulagi barnaverndarstarfs skv. samningi við Capacent og RR ráðgjöf dags. 14. mars 2018.
- Kröfúlýsingar fyrir úrræði barnaverndar og forgangsröðun í þágu sólarhringsúrræða.
- Áhættugreining Innri endurskoðunar varðandi sólarhringsúrræði fyrir börn og unglínga.
- Tímabundin ráðning á sérstökum verkefnastjóra til að innleiða aðgerðaáætlun og tryggja framgang hennar.

Um ítarlegri greinargerð með tillögunum vísast til meðfylgjandi minnisblaðs sviðsstjóra dags. 14. mars 2018.



Reykjavík, 15. mars 2018
VEL2018020008
327. fundur
RÁ/ds

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. mars 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Aðgerðir til úrbóta í barnaverndarstarfi og annarri þjónustu er snýr að starfsemi fyrir börn og unglinga

Forsaga:

Í kjölfar máls er varðar starfsmann á vistheimilinu að Hraunbergi í Breiðholti, sem er í gæsluvarðhaldi grunaður um kynferðisbrot gegn börnum, hefur verið sett af stað viðamikil vinna á vegum velferðarsviðs sem miðar að því að styrkja barnaverndarstarf og auka öryggi barna og unglinga sem dvelja á stofnunum á vegum sviðsins. Sviðsstjóri velferðarsviðs óskaði eftir því að Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar gerði úttekt í tengslum við tilkynningar sem áttu að hafa borist Barnavernd Reykjavíkur árin 2002 og 2008 um ætluð kynferðisbrot starfsmannsins. Enn fremur var óskað eftir aðkomu Innri endurskoðunar að áhættugreiningu vegna sólarhringsstarfsemi fyrir börn á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Innri endurskoðun skilaði niðurstöðum úttektar til sviðsstjóra 14. mars sl. þar sem ýmsar ábendingar til úrbóta eru settar fram. Þær ábendingar eru í samræmi við áherslur velferðarsviðs í þeim málaflokkum sem úttektin tekur til.

Aðgerðir:

Um er að ræða aðgerðir í tíu liðum. Kostnaður á ársgrundvelli er 51,5 mkr. en allt að 39,3 mkr. umfram fjárhagsáætlun á árinu 2018.

- 1. Ráðningarferli styrkt með öflun sakavottorða bæði við upphaf ráðningar og reglulega á meðan á ráðningartíma stendur.**

Velferðarsvið mun breyta verklagi við öflun sakavottorða úr sakaskrá við ráðningar. Í fyrsta lagi mun velferðarsvið afla vottorða úr sakaskrá við ráðningar í öll störf á

sviðinu þar sem talið er nauðsynlegt að afla þessara upplýsinga. Í öðru lagi verður upplýsinga aflað úr sakaskrá með reglubundnum hætti á meðan á ráðningartíma stendur, um þá starfsmenn sem starfa með fötluðum einstaklingum, börnum og í umhverfi barna.

Mannauðsþjónusta velferðarsviðs hefur þegar hafið undirbúning til að hrinda þessum tillögum í framkvæmd. Verkferlar sem unnið er eftir í dag gera ráð fyrir því að upplýsinga sé aflað úr sakaskrá hjá þeim sem vinna á heimilum og dagþjónustu fyrir fatlað fólk, þeim sem vinna í úrræðum á vegum Barnaverndar og þeim sem starfa í stuðningsþjónustu. Sakavottorða er aflað hjá ríkissaksóknara við ráðningu starfsmanna með vísan í lög um málefni fatlaðs fólks og barnaverndarlög. Þessi verkferill nær yfir ráðningar á tæplega helmingi starfsmanna sviðsins. Lagt er til að leitað verði upplýsinga úr sakaskrá við ráðningar í fleiri störf á sviðinu. Fyrst er að nefna störf í heimaþjónustu og heimahjúkrun, þjónustuíbúðum, félagsstarfi, á dagdeildum fyrir aldraða og á hjúkrunarheimilum. Hluti notenda þeirrar þjónustu heyrir undir lög um málefni fatlaðs fólks og nær því lagaheimildin til þess. Í öðrum tilvikum verður óskað eftir sakavottorði hjá umsækjendunum sjálfum. Að auki er lagt til að leitað verði upplýsinga úr sakaskrá hjá öllum sérfræðingum á þjónustumiðstöðvum og skrifstofu Barnaverndar sem gætu átt í beinum samskiptum annaðhvort við börn eða fatlað fólk. Með þessari breytingu er ætlunin að ná til um um 90% starfsmanna sviðsins. Ætlunin er að leita upplýsinga úr sakavottorði bæði við ráðningu sem og reglulega (á 3–5 ára fresti) yfir starfstíma ofangreindra starfsmanna sviðsins. Hvað varðar hið síðarnefnda má nefna að ofangreindar lagaheimildir kveða einungis á um heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá við ráðningar í störf en ekki á meðan á starfstíma stendur. Skiptar skoðanir hafa verið á því hvort ákvæði umfram lagaskyldu séu brot á atvinnufrelsi og meðalhófsreglu stjórnisýslulaga og er málið í skoðun hjá borgarlögmanni. Ljóst er að með tiltölulega einföldum breytingum er hægt að byrja strax að vinna samkvæmt því verklagi að krefjast sakavottorðs varðandi nýráðningar.

Kostnaðarmat: Reikna má með auknu álagi í mannauðsþjónustu velferðarsviðs vegna þessarar tillögu og vísast í því sambandi til kostnaðarmats undir 6. tölulið að neðan.

2. Almenningsi auðveldað að tilkynna um aðstæður barna og athugaverða háttsemi með rafrænum ábendingahnappi á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Velferðarsvið hefur hafið vinnu við uppsetningu rafræns ábendingarhnapps á heimasvæði www.reykjavik.is til að gera almennum borgurum kleift að tilkynna rafrænt um misfellur í aðbúnaði barna í Reykjavík eða tilkynna að hegðun einstaklings, sem starfar með börnum, geti verið ábótavant. Innri endurskoðun leggur þetta einnig til í tillögum sínum.

Kostnaðarmat: Reikna má með aukningu í tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur samfara uppsetningu á slíkum ábendingahnappi auk þess sem töluverð vinna getur farið

í að greina málin og koma þeim tafarlaust í rétt ferli. Til að vakta hnappinn og tryggja viðbrögð við tilkynningum er því óskað eftir 50% stöðugildi félagsráðgjafa og er kostnaðarauki vegna þess metinn um 5,5 mkr. á ársgrundvelli eða um 4,2 mkr. m.v. að viðkomandi hefji störf 1. apríl nk.

3. Aukið öryggi barna sem dvelja í sólarhringsúrræðum Barnaverndar Reykjavíkur með eflingu næturvakta.

Lagt er til að næturvaktir í sólarhringsúrræðum Barnaverndar Reykjavíkur, þ.e. á vistheimili barna á Mánabergi og skammtímaheimilinu Hraunbergi verið mannaðar tveimur starfsmönnum í stað eins. Meginrökin fyrir tvöfaldri næturvakt er að tryggja öryggi barna og starfsmanna jafnframt því að byggja upp traust og tiltrú á úrræðum barnaverndarinnar og barnaverndarstarfs í borginni í ljósi þess alvarlega máls sem mest hefur verið í umræðunni undanfarið.

Vistheimilið Mánaberg er úrræði fyrir Barnavernd Reykjavíkur og er ætlað sjö börnum frá fæðingu og að 13 ára aldri. Einn stjórnandi veitir heimilinu forstöðu. Hlutverk Mánabergs er í raun þríþætt:

- Bráðavistun – hvenær sem er sólarhringsins án fyrirvara.
- Greining og uppeldisráðgjöf – 6–8 vikur, barnið vistað, foreldrar mæta alla daga samkvæmt samkomulagi. Ef um mjög ung börn er að ræða hefur foreldrum verið gefinn kostur á því að gista með börnum sínum á heimilinu.
- Uppeldislegur stuðningur við foreldra og börn á heimilum þeirra.

Lítill íbúð er í kjallara Mánabergs. Hún er ætluð þeim fjölskyldum sem þurfa frekari stuðning í lengri tíma. Þangað geta foreldrar flutt með börn sín og dvalið í umsaminn tíma (1–6 mánuði).

Heildar rekstrarkostnaður ársins 2017 var um 174 mkr. og áætlun gerir ráð fyrir um 14 stöðugildum.

Núverandi fyrirkomulag á Mánabergi er að einn starfsmaður sinnir næturvakt. Æskilegt fyrirkomulag í þessu úrræði, sem sinnir afar viðkvæmum hópi barna og foreldrum þeirra, er að tveir starfsmenn sinni næturvakt. Dvöl foreldra í úrræðinu eykur verulega álag á starfsfólk.

Kostnaðarmat: Áætlaður kostnaður vegna aukningar um eitt stöðugildi á næturvakt á Mánabergi er um 13,5 mkr. á ársgrundvelli en til frádráttar kæmi kostnaður sem verið hefur við bakvaktir, um 3 mkr. á ársgrundvelli. Kostnaður vegna viðbótarstöðugildis næturvaktar er þá á ársgrundvelli um 10,5 mkr., eða um 7,9 mkr. m.v. að viðkomandi hefji störf 1. apríl nk.

Skammtímaheimilið að Hraunbergi er ætlað þremur til fjórum 13–18 ára ungmennum sem þurfa tímabundna vistun vegna sérstakra aðstæðna, þ.e. þegar aðstæður eru þannig að ungmennin geta ekki dvalið heima hjá sér; eru að bíða eftir úrræðum eða unnið er að því að þau fari aftur heim. Um er að ræða annars vegar skammtíma vistarir í allt að þrjú mánuði og hins vegar bráðavistarir. Einn stjórnandi veitir heimilinu forstöðu.

Þau ungmenni sem vistuð eru á heimilinu þurfa að fylgja þeirri daglegu rúttinu sem þau hafa verið í áður, svo sem skóla, vinnu, tómstundum og öðru félagsstarfi. Ef ungmenni eru ekki í skóla eða vinnu þegar þau eru vistuð er það hlutverk vistunaraðila að koma þeim í viðunandi skólaúrræði eða vinnu sem fyrst. Ungmenni sem eiga við verulega hegðunarerfiðleika, áfengis- eða vímuefnavanda að etja eru ekki vistuð á Hraunbergi.

Núverandi fyrirkomulag á Hraunbergi er að einn starfsmaður sinnir næturvakt. Æskilegt fyrirkomulag í þessu úrræði, sem sinnir afar viðkvæmum hópi barna, er að tveir starfsmenn sinni næturvakt.

Heildarrekstrarkostnaður ársins 2017 var um 101 mkr. og áætlun gerir ráð fyrir um 8 stöðugildum.

Kostnaðarmat: Kostnaður á Hraunbergi vegna næturvaktar er í dag áætlaður um 13,5 mkr. á ársgrundvelli. Kostnaður vegna stöðugildis næturvaktar til viðbótar er því áætlaður um 13,5 mkr. eða um 10,2 mkr. m.v. að viðkomandi hefji störf 1. apríl nk.

4. Sérhæfð fræðsla til stjórnenda og starfsmanna um kynferðisbrot gegn börnum.

Velferðarsvið mun tryggja að í fræðsluáætlun sviðsins verði sett reglubundin fræðsla til stjórnenda og starfsmanna um kynferðisbrot gagnvart börnum ásamt rannsóknum og viðbrögðum.

Í úttekt Innri endurskoðunar er bent á að rannsóknir hafi sýnt að heimili fyrir börn sem eiga erfitt félagslega og/eða andlega séu aðdráttarafli fyrir einstaklinga sem brjóta á börnum þar sem þeir leitist við að vinna með börnum í erfiðri stöðu og vinna traust þeirra. Telur Innri endurskoðun að brýnt sé að í fræðsludagskrá fyrir starfsmenn í sólarhringsúrræðum fyrir börn á vegum velferðarsviðs fari fram fræðsla um kynferðisbrot gagnvart börnum.

Kostnaðarmat: Kostnaður vegna fræðslu mun rúmast innan fjárheimilda vegna fræðsluáætlunar sviðsins, nema vegna aðkeyptrar þjónustu erlendra sérfræðinga. Áætlaður kostnaður vegna sérhæfðar fræðslu er áætlaður um 1 mkr.

5. Skimun fyrir ofbeldi gegn börnum verður hluti af verklagi.

Hafin er vinna við sérstakan viðtalsvísi fyrir starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur og aðra sem vinna með börnum. Þannig er með samræmdum hætti hægt að skima fyrir ofbeldi meðal barna sem eru vistuð í skjóli barnaverndar eða njóta annarra úrræða. Viðtalsvísirinn er unninn í samstarfi starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur og deildar gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs að höfðu samráði við Barnahús.

Verkferillinn verður hluti af svokölluðum kröfulýsingum sem unnar eru fyrir öll úrræði á vegum velferðarsviðs, sem tryggir að við reglubundið eftirlit velferðarsviðs með úrræðunum verður þessi þáttur kannaður.

Kostnaðarmat: Kostnaður vegna útgáfu viðtalsvísis og fræðslu og þjálfunar starfsmanna er áætlaður 1 mkr.

6. Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur aukinn með eflingu mannauðsþjónustu velferðarsviðs.

Mannauðsþjónusta velferðarsviðs, sem er skipuð fimm starfsmönnum, hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á mannauðsmálum á sviðinu. Þjónustan hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og veitir stjórnendum á sviðinu ráðgjöf um starfsmannamál. Mannauðsþjónustan fer jafnframt með stefnumörkun, samræmingu og eftirlit með starfsmannamálum sviðsins.

Á velferðarsviði starfa um 2.500 starfsmenn og eru stjórnendur og starfseiningar sviðsins yfir eitt hundrað. Starfsheiti eru um 200 talsins sem tilheyra 17 stéttarfélögum. Stjórnendur eru með mannaforráð, bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi starfseiningarinnar. Þeir bera ábyrgð á að þjónustan sé í samræmi við stefnumótun Reykjavíkurborgar og áherslur og forgangsröðun velferðarráðs. Þeir stjórna starfsmannamálum vinnustaðarins og bera ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnunnar. Mannauðsþjónusta sviðsins leitast við að veita ráðgjöf og leiðbeiningar og vera stjórnendum innan handar við að efla starfsánægju og bæta starfsumhverfi. Þá veitir þjónustan ráðgjöf í, oft á tíðum, afar flóknum og erfiðum starfsmannamálum er varða t.d. samskiptavanda, alvarleg brot í starfi, einelti og áreitni, áminningar eða brottvikningar úr starfi.

Undanfarið ár hefur tíðni og þyngd flókinna starfsmannamála aukist. Leggja þarf áherslu á innleiðingu ýmissa ferla í mannauðsmálum til stjórnenda á sviðinu og huga þarf sérstaklega að starfsfólki af erlendum uppruna sem er ört stækkandi hópur á velferðarsviði, t.d. aukinn fjöldi erlendra hjúkrunarfræðinga. Slíkar breytingar í starfsmannahópi kalla á nýja nálgun í mannauðsmálum. Þá þarf einnig að bregðast við ört vaxandi vanda sem felst í að erfitt reynist að manna ákveðin störf í ummönnunarþjónustu á sviði fötlnar og í þjónustu við eldri borgara. Hugsa þarf sérstaklega að tilteknum starfsstéttum þar sem mikil samkeppni er um starfskrafta s.s.

hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum, þroskaþjálfum, matreiðslumönnum og ófaglærðu starfsfólki.

Fram kemur í könnun mannauðsþjónustu á mönnun á velferðarsviði í lok febrúar 2018 að vöntun er á starfsfólki á 40% starfsstaða sviðsins, alls um 51 stöðugildi. Sömuleiðis liggur fyrir að ráða þarf í tæplega 300 stöðugildi í sumarafleysingar.

Til að takast á við þessar áskoranir og aukið álag samfara breytingu á verklagsreglum vegna öflunar sakavottorða er nauðsynlegt að bæta tveimur stöðugildum við mannauðsþjónustuna. Lagt er til að viðkomandi mannauðsráðgjafar tilheyri teymi mannauðsþjónustu velferðarsviðs en að staðsetning þeirra, sem og annarra í teyminu, verði að hluta til á þjónustumiðstöðvum eftir þörfum. Með því móti skapast svigrúm til að veita stjórnendum beinan og stöðugan stuðning við að efla starfsánægju, bæta starfsumhverfi og innleiða þær verklagsreglur sem stjórnendur þurfa að vinna eftir. Jafnframt sé stjórnendum veitt aðstoð við ráðningar, þ.á m stjórnendum sólarhringsúrræða fyrir börn, til að tryggja sem faglegasta mat á öllum umsækjendum.

Kostnaðarmat: Áætlaður kostnaður vegna tveggja stöðugilda er um 20 mkr. á ársgrundvelli sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins. Óskað er eftir tímabundinni styrkingu til tveggja ára. Því er nú óskað eftir 15 mkr. m.v. að starfsmenn hefji störf 1. apríl nk.

Heildarkostnaður vegna ofanskráðra úrbóta er 51,5 mkr. á ársgrundvelli en óskað er eftir 39,3 mkr. fyrir árið 2018 miðað við að aðgerðir hefjist strax.

Rétt er að geta þess að auk ofangreindra tillagna hefur velferðarsvið einnig lagt fram fjórar tillögur í aðgerðaáætlun, sem allar rúmast innan fjárhagsáætlunar 2018. Þær eru eftirfarandi:

- Úttekt á skipulagi barnaverndarstarfs skv. samningi við Capacent og RR ráðgjöf dags. 14. mars 2018.
- Kröfúlýsingar fyrir úrræði barnaverndar og forgangsröðun í þágu sólarhringsúrræða.
- Áhættugreining Innri endurskoðunar varðandi sólarhringsúrræði fyrir börn og unglunga.
- Ráðning á sérstökum verkefnastjóra til að innleiða aðgerðaáætlun og tryggja framgang hennar.

Fylgiskjöl:

- Aðgerðaáætlun um úrbætur í málefnum er varða vernd barna.
- Tölfræði um nýtingu rýma á vistheimilinu Mánabergi og skammtímaheimilinu Hraunbergi.

Mánaberg og Hraunberg. Fjöldi barna, dvalardagar og nýting árið 2017.

Tafla 1. Vistheimili barna Mánabergi og Hraunbergi. Fjöldi barna, meðalaldur, dvöl og nýting árið 2017.

| | Mánaberg | Hraunberg |
|------------------------|----------|-----------|
| Fjöldi barna | 49 | 23 |
| Meðalaldur | 6,4 | 16,1 |
| Dvalardagar | 2.095 | 1.086 |
| Meðaldvalartími(dagar) | 42,8 | 47,2 |
| Nýting (%) | 82,0 | 99,2 |

Mánaberg

Á vistheimilinu Mánabergi eru 7 pláss. Nýting árið 2017 var 82% og að meðaltali voru þar 6 börn á dag. Tafla 2 hér fyrir neðan sýnir hversu marga daga var 1 barn á heimilinu, hversu marga daga voru 2 börn o.s.frv. Þannig voru 8 dagar á árinu þar sem var aðeins 1 barn á heimilinu og 44 daga ársins voru 2 börn á heimilinu o.s.frv. Einn dag ársins voru 12 börn á heimilinu. Í 111 daga ársins voru fleiri en 7 börn á heimilinu.

Tafla 2. Vistheimilið Mánaberg árið 2017

| Fjöldi barna í senn | Fjöldi daga | Fjöldi dvalardaga |
|------------------------|-------------|-------------------|
| 1 | 8 | 8 |
| 2 | 44 | 88 |
| 3 | 35 | 105 |
| 4 | 23 | 92 |
| 5 | 50 | 250 |
| 6 | 37 | 222 |
| 7 | 57 | 399 |
| 8 | 80 | 640 |
| 9 | 22 | 198 |
| 10 | 7 | 70 |
| 11 | 1 | 11 |
| 12 | 1 | 12 |
| Samtals | 365 | 2.095 |

Eins og kemur fram í töflu 3 dvöldu foreldrar með börnum sínum á Mánabergi í 268 daga ársins, annað hvort á vistheimilinu eða í íbúðinni. Alls er um að ræða 10 foreldra þar af eitt par. Foreldrar sem dvöldu eingöngu á vistheimilinu voru 2, foreldrar sem dvöldu eingöngu í íbúðinni voru 3 og foreldrar sem dvöldu fyrst á vistheimilinu og fluttu svo í íbúðina voru 5. Í 182 daga voru einir foreldrar á staðnum og í 82 daga voru tvennir foreldrar og í 4 daga voru þrennir foreldrar á staðnum.

Tafla 3. Vistheimilið Mánaberg árið 2017. Fjöldi daga á árinu sem foreldrar dvöldu á heimilinu.

| Fjöldi foreldra | | | |
|------------------------|--------------------|-------------|-------------|
| í senn | Vistheimili | Íbúð | Alls |
| 0 | 245 | 146 | 97 |
| 1 | 102 | 218 | 182 |
| 2 | 18 | 1 | 82 |
| 3 | 0 | 0 | 4 |
| Samtals | 365 | 365 | 365 |

Hraunberg

Á vistheimilinu Hraunbergi eru 3 rými og eitt neyðarrými. Nýting árið 2017 miðað við 3 pláss var 99% og að meðaltali voru þar 3 börn á dag. Tafla 4 sýnir hversu marga daga var 1 barn á heimilinu, hversu marga daga voru 2 börn o.s.frv. Þannig voru 155 dagar á árinu þar sem 4 börn voru á heimilinu og 13 dagar þar sem þau voru 5. Það var í einhverjum tilvikum vegna þess að eitt barn fór og annað kom sama dag. Í 168 daga ársins 2017 voru fleiri en 3 börn á heimilinu.

Tafla 4. Dvalardagar í Hraunbergi árið 2017

| Fjöldi barna í senn | Fjöldi daga | Fjöldi dvalardaga alls |
|----------------------------|--------------------|-------------------------------|
| 0 | 5 | 0 |
| 1 | 47 | 47 |
| 2 | 81 | 162 |
| 3 | 64 | 192 |
| 4 | 155 | 620 |
| 5 | 13 | 65 |
| Samtals | 365 | 1.086 |